

28 mars 2021 stjórnarfundur

- 1 Mættir voru á zoom fund : Guðni Á Indriðason .Anna María Flygenring. Birna K Baldursdóttir. Guðný Ívarsdóttir. Þorsteinn E Þorsteinsson.
- 2 Anna M F setti fundinn. Tók fyrir erindi Bjarka hjá Atvinnu og nýsköpunarráðuneyti varðandi skiptingu framlaga í Búvörusamningi . Við leggjum til að fiðan verði inni og að Uppspuni verði sá aðili sem vottar og skilar skýrslu ár hvert sem stuðst verður við , AMF ætlar að heyra í Bjarka eftir helgi.
- 3 Vegna sóttvarna verðum við að fresta aðalfundi og hugsanlega vera með hann rafrænan en ætlum að sjá til hvort hægt verði að hafa hann 17 apríl eða 24 apríl.
- 4 AMF sagði frá Karolínu í Hvammshlíð sem hefur mikinn áhuga á riðu arfgerð og er tilbúin að safna saman frá þeim sem eru henni næstir sýnum til að senda í rannsókn , en stjórnin er mjög umhugað að setja á stað þetta verkefni og taka sýni á sem flestum stöðum eða úr flestum hjörðum á landinu til að ath hvort geitur séu arfberar fyrir riðu. Þurfum á styrkjum að ýta þessu úr vör og erum að leita allra leiða til þess.
- 5 AMF fékk póst frá Bí sem bauð aðstoð sína ef félagið þarf að breyta lögum sínum að Bí, Guðni Á I taldi það óþarft gætum gert það sjálf
- 6 Bók eða ekki bók, Birna K B taldi að við þyrftum meiri tíma og hugsa þetta í rólegheitunum, taldi að leggja ætti ekki áherslur á uppskriftir heldur þyrfti að koma riti sem spannaði sögu, aðbúnað og hvernig hinn almenni þegn gæti fræðst um geitarhald og umhirðu. ÞÞ sagðist bara Google uppskriftir ef honum vantaði og tók undir orð Birnu K B . Ákveðið var að fresta afgreiðslu bókar og gefa okkur meiri tíma.
- 7 Myndbandsgerð. AMF var búin að finna annan aðila til að gera myndbönd og ákveðið var að fá hans hugmyndir til að útfæra þetta nánar. Guðni Á I fannst flott að hafa stutt myndbönd og dreifa þeim yfir mánuði 7-10 myndbönd t.d. BKB taldi gott að taka fyrir ýmis atriði á ferli geitarbóndans yfir árið, og nefndi að nota ætti samfélagsmiðlana meira til að auglýsa okkur og geiturnar okkar t. d. Facebook og Instagram og lagði til að stjórnin byrji ein að öðrum og setji myndir inn. Allir voða spenntir fyrir þessu. 8. Fundi slitið 21:29